

Ársskýrsla Barna- og unglínganefndar Neista

2004 - 2005

Síðasta starfsár var nokkuð hefðbundið. Eftir áramót var haldinn fundur með börnum og foreldrum og lögð drög að vetrarstarfinu. Ágætis mæting var á fundinn, bæði hjá foreldrum og börnum.

Vetrarstarfið hófst síðan í febrúar með námskeiðahaldi. Krakkarnir komu sjálf með hesta en nokkrir voru ekki með hest og var reynt að aðstoða þau við að finna heppilegan hest að láni. Krökkunum var síðan skipt í 3 hópa en um 30 börn voru virk í starfinu í vetur.

Þorgils Magnússon kenndi vönustu knöpunum. Skiptist námskeiðið hjá þeim í 1 klst. bóklegt og 1 klst. verklegt vikulega út apríl. Krakkarnir lærðu mikið og fór þeim mikið fram.

Byrjendur og minna vanir hittust einnig 1 sinni í viku fram í apríl og leiðbeindu nefndarmenn þeim. Þau stóðu sig mjög vel og sýndu mikinn áhuga.

Hin árlega Stórsýning hestamanna í Reiðhöllinni Arnargerði fór fram í mars og þar voru krakkarnir með 2 atriði. Vönu knaparnir voru með skemmtilegan þrautaleik. Þeir sem vildu vera með úr hinum hópunum tveimur voru með í álfareið, en 16 álfar riðu um höllina í skrautlegum búningum og stóðu sig mjög vel.

Eftir vel heppnaða sýningu var ákveðið að sækja Skagfirðinga heim og sjá sýningu þeirra Tekið til kostanna. Farið var í rútu og fjölmenntu börn og foreldrar en um 50 manns fóru á sýninguna. Allir höfðu gaman af en margir voru þreyttir að henni lokinni og sofnuðu á leiðinni heim enda ekki komið aftur til Blönduóss fyrr en að verða 2 um nóttina.

Barna- og unglínganefndin stóð fyrir einu móti í maí sem var lokapunktur vetrarstarfsins. Þar var keppt í pollaflokki, þrígangi og fjórgangi. Þar voru nokkrir í sinni fyrstu keppni og gekk mótið vel fyrir sig. Allir fengu verðlaun og pylsur og gos að því loknu. Síðan var farið í leiki og allir skemmtu sér vel.

Fleiri mót voru haldin á vegum félagsins þar sem börnin kepptu og voru þau sem voru á námskeiðunum hvött til að taka þátt. Nokkur börn tóku þátt í Meistarkeppni Húnavetninga, en það eru 4 vetrarmót, og var gaman að fylgjast með framförum barnanna. Eitt mót var þar sem keppt var í tölti á ísilögðu vatni, en það þótti spennandi þótt smá kvíði fylgdi því líka. Að lokum var síðan hefðbundið félagsmót í sumar. Einnig tóku börnin þátt í hópreið þegar hátíðin Matur og menning var sett á Blönduósi í júlí.

Með kveðju,

Barna- og unglínganefnd Neista

Jóhanna Stella Jóhannsdóttir

Jakobína Halldórsdóttir

Heiðar Svanur Óskarsson